



Borgarráð

Viðauki við samkomulag Reykjavíkurborgar og Römpum upp Ísland

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan viðauka við samkomulag Reykjavíkurborgar og Römpum upp Ísland, dags. 27. nóvember 2023.

Greinargerð:

Þann 28. mars 2023 gerðu Reykjavíkurborg og Römpum upp Ísland með sér samkomulag um styrkveitingu Reykjavíkurborgar til Römpum upp Ísland. Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2023 var samþykkt sú tillaga að Reykjavíkurborg taki þátt í útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland þar sem Römpum upp Ísland býður hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu en hingað til hefur verkefnið einblínt á aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila. Enginn viðbótarkostnaður fellur til vegna viðaukans.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag Reykjavíkurborgar og Römpum upp Ísland, dags. 28. mars 2023

Viðauki við samkomulag Reykjavíkurborgar og Römpum upp Ísland

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland, dags. 26. október 2023

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnagötu 11, 101 Reykjavík (Reykjavíkurborg) og Römpum upp Ísland ses., kt. 680622-0860 gera með sér svohljóðandi:

VIÐAUKA 1

við samkomulag um styrkveitingu

Þann 28. mars 2023 gerðu Reykjavíkurborg og Römpum upp Ísland með sér samkomulag um styrkveitingu Reykjavíkurborgar til Römpum upp Ísland. Í c-lið 1. gr. samkomulagsins kemur fram að verkefnið snúi ekki að aðgengi hreyfihamlaðra að byggingum á vegum opinberra aðila en hvetji viðkomandi til að sinna því verkefni reynist þörf á.

Samkvæmt upplýsingum frá Römpum upp Ísland má reikna með að Römpum upp Ísland ljúki gerð 1000 rampa í desember 2023 og nái þannig upphaflegu markmiði ári á undan áætlun. Síðastliðið haust hafi verkefnið ákveðið að stefna að gerð 1500 rampa fyrir 10. mars 2025. Hingað til hafi verkefnið einbeitt sér að aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila en á stjórnarfundi Römpum upp Ísland 19. september 2023 var tekin ákvörðun um að bjóða hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum, samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu.

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2023 var samþykkt sú tillaga að Reykjavíkurborg taki þátt í útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland þar sem Römpum upp Ísland býður hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu en hingað til hefur verkefnið einblínt á aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila. Reykjavíkurborg myndi senda inn tillögur að staðsetningum rampa og taka mið af umsögn aðgengis- og samráðsnefndar frá 26. október sl. um málið. Samstarfið felur ekki í sér aukinn beinan kostnað.

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks skilaði borgarráði umsögn, dags. 26. október 2023 þar sem nefndin fagnar útvíkkun verkefnisins. Þá lagði nefndin til að auk þeirra atriða sem borgin myndi leggja til þá yrði leiðarlínum fyrir blinda og sjónskerta bætt við þá rampa sem gerðir eru. Þá leggur nefndin til að skólar og leikskólar verði settir í forgang og þá verði einnig horft til bráðabirgðahúsnæðis sem nýtt er þegar færa þarf kennslu annað vegna framkvæmda.

Með vísan til þess sem hér segir hafa samkomulagsaðilar komið sér saman um eftirfarandi breytingar á rammasamkomulaginu og samkomulaginu:

Breytingar á 1. gr. samkomulagsins:

Í stað núgildandi c-liðar 1. gr.: „Verkefnið snýr ekki að aðgengi hreyfihamlaðra að byggingum á vegum opinberra aðila en hvetur viðkomandi til að sinna því verkefni reynist þörf á.“

Skal koma: „Leiðarlínum fyrir blinda og sjónskerta verður bætt við þá rampa sem gerðir eru.“

Einnig bætist nýr liður við greinina, d-liður, sem skal orðast: Skólar og leikskólar verði settir í forgang og horft verði til bráðabirgðahúsnæðis sem nýtt er þegar færa þarf kennslu annað vegna framkvæmda

Að öðru leyti er samkomulagið óbreytt.


Enginn viðbótarkostnaður fellur til vegna viðaukans.

Viðauki þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavík, 27. nóvember 2023



f.h. Reykjavíkurborgar



f.h. Römpum upp Ísland

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.



Borgarráð

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks sem haldinn var þann 19. október 2023, var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. nóvember 2023, með beiðni til nefndarinnar um umsögn um útvíkkun verkefnisins Römpum upp Ísland sem greint var frá í erindi innviðaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar dags. 2. október 2023.

Aðgengis- og samráðsnefnd samþykkti eftirfarandi umsögn um málið:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks fagnar því að til standi að útvíkka verkefnið Römpum upp Ísland til þess að innihalda opinberar byggingar. Nefndin leggur til að auk þeirra atriða sem borgin myndi leggja til þá yrði leiðarlínum fyrir blinda og sjónskerta bætt við þá rampa sem gerðir eru. Þá leggur nefndin til að skólar og leikskólar verði settir í forgang og þá verði einnig horft til bráðabirgðahúsnæðis sem nýtt er þegar færa þarf kennslu annað vegna framkvæmda.

Virðingarfyllst,
Tómas Ingi Adolfsson
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa